

Mennta- og menningarmálaráðherra  
Sölvhólsögötu 4  
101 Reykjavík

23. maí 2017

**Varðar: Krafa BHM og LÍS um að settar verði reglur um starfsnám á háskólastigi**

Bandalag háskólamanna (BHM) og Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS) kalla eftir því að Mennta- og menningarmálaráðuneytið (MRN) setji skýrar reglur um starfsnám á háskólastigi í samráði við BHM og LÍS. Samtökin hafa vaxandi áhyggjur af stöðu nemenda sem eru í starfsnámi en í núverandi regluverki er ekki að finna reglur um starfsnám á háskólastigi. Einungis eru til reglur um starfsnám á framhaldsskólastigi, sbr. reglugerð nr. 840/2011 um vinnustaðanám og starfsþjálfun á vinnustað.

Starfsnám skal ávallt vera álitíð sem leið nemenda til að öðlast reynslu úti á vinnumarkaði í tengslum við sitt nám. Það má aldrei líta á það sem leið vinnuveitenda til að laða til sín ódýrt vinnuafli. Í flestum tilfellum er þessu fylgt eftir en því miður þekkjast allt of mörg dæmi um hið gagnstæða, bæði hjá opinberum stofnunum sem og fyrirtækjum á almennum vinnumarkaði. Ákvæði í kjarasamningum eru lágmarkskjör og er vinnuveitendum þannig með öllu óheimilt að ráða til sín starfsmenn á lakari kjörum en kjarasamningar kveða á um, sbr. lög nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Starfsnám má ekki hafa þær afleiðingar að það stríði gegn ofangreindum reglum og fyrirkomulagi sem gildir á íslenskum vinnumarkaði. Því telja samtökin það mikilvægt að til séu skýrar reglur sem gera samræmdar kröfur til vinnuveitenda og háskólanna með það að leiðarljósi að stuðla að góðri réttarstöðu nemenda og gæði starfsnámsins.

Með vísan til ofangreinds gera BHM og LÍS þá kröfu að MRN hefja vinnu við gerð á skýrum reglum um starfsnám á háskólastigi.

F.h BHM

  
Erna Guðmundsdóttir

F.h LÍS

  
Aldís Mjöll Geirsdóttir